

Hvers vegna vinnum við ?

Anna María Pétursdóttir MSc

Mikilvægt er fyrir hvern og einn að finna athafnahneigð sinni farsælan fagveg.

Við horfum á börnin sem reyna á sig allan daginn, ótrúlega starfsöm því þau finna að þau hafa áhrif á það sem þau eru að fást við. Það er mannum eðlislæg hvöt að finna tilgang í viðfangsefni sínu, og starfshvötin er þýðingarmikill þáttur í mannlegu eðli. Í þarfapýramýða Maslows er fæðupörf og öryggisþörf meðal mikilvægustu nauðsynja mannsins, en nú er þessum þörfum fullnægt átakalaust. Það eru hið flókna samspil líkamlegra og andlegra þarfa sem við reynum að fullnægja í daglegum athöfnum okkar.

Í Grikklandi hinu forna hafði orðið „vinna“ merkinguna byrði. Á þeim tíma tók líkamleg vinna tíma frá andlegum þroska og leit að andlegu frelsi. En með kristinni trú varð vinnan miðlæg. Hún hafði mikið gildi fyrir manninn og var verðmæt fyrir samfélagið. Churchill sagði í einni af ræðum sínum „Gefðu okkur verkfærin og við munum vinna verkin.“ Hann átti við það að ynnu einstaklingar saman leiddi það til sigurs.

Orðið vinna felur það í sér að við höfum ákveðnu hlutverki að gegna og við tilheyrum starfshópi hvort sem um er að ræða lækni, húsasmið eða kennara sem sinnir tilteknum verkum innan starfshóps. Starfsheiti vísa til ákveðinna athafna og hafa því tiltekna merkingu í huga okkar. Störf eru margvíslegs eðlis, og hægt er að skipta vinnuheiminum í sex starfsvið þar sem hvert um sig vísar til ákveðins áhuga og gildis. Einnig er hægt að skipta starfsáhuga niður í sex starfsáhugasvið þar sem líklegt er að starfsmaður sé ánægðari á einum stað en öðrum, allt eftir áhuga og gildum. Starfsval er útlistun á persónugerð. Þegar starfsvettvangur er valinn sækist einstaklingurinn eftir því að fá þeim áhuga, þörfum og gildum fullnægt er eiga við persónugerð hans. Samspil umhverfis og erfðapátta hefur áhrif á hæfileika okkar, og við veljum okkur yfirleitt starfsvettvang sem við erum líkleg til að hafa ánægju af. Framavon hefur mikil áhrif, og þannig getur verið að við veljum ekki ávallt það sem í raun hentar okkur best, heldur gerum málamiðlanir.

Eftir Sókratesi er haft að ekki sé til verðugra umræðuefni en það hvað einstaklingurinn skuli taka sér fyrir hendur, við hvaða starf hann verji lífi sínu. Þar sem við eyðum miklum hluta vökutíma okkar til vinnu er æskilegt að við séum ánægð í því hlutverki sem við veljum okkur. Ef við unum okkur ekki í því hlutverki er hætta á starfsleiða sem hefur neikvæð áhrif á framkomu, samskipti og athafnir í daglegu lífi.

Gildi vinnunnar er mikið. Við þurfum að geta uppfyllt bæði andlegar og líkamlegar þarfir með vinnunni. Við fáum laun fyrir þá vinnu sem við innum af hendi og þar með getum við uppfyllt líkamlegar þarfir og einnig efnahagslegar þarfir, því í dag er mikið lagt upp úr efnahagslegum gæðum. Við lifum á tímum markaðshyggju, lögmál markaðarins ræður miklu og stjórnar í raun hegðun okkar, en jafnframt gerum við þá kröfu að vinnan sé gefandi og uppfylli þær væntingar og þarfir sem við höfum til daglegra athafna. Það er mannum eðlislægt að vinna, og vinnan getur gefið mannum mikið ef starfsvettvangur og starfið sjálft samræmist hans áhugasviði, þörfum og gildum